

FUNDARGERÐ

366. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, var haldinn 18. nóvember 2015 kl. 15.00 í fundarsal FEB að Stangarhyl 4.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Anna Þrúður Þorkelsdóttir, Birna Bjarnadóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Esther Ú. Friðþjófsdóttir, Hrafn Magnússon, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi var Reynir Vilhjálmsson.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt

1. Kjaramálin staðan nú

Ljóst er nú að af hálfu fulltrúa ráðuneytanna er ekki ljáð máls á neinni breytingu á lífeyri frá því sem fram kemur í frumvarpi til fjárlaga. Mikil umræða til hvaða viðbragða skuli koma af hálfu félagsins og ekki síður LEB sem í raun ætti alfarið að fara með þessi mál. Áfram er stýrr um hvað felst í launþróun. Áherslan er á 300 þús. í lágmarkslaun í áföngum og afturvirkni, enda er það í samræmi við það sem stjórn og kjaranefnd hafa samþykkt, að þeir sem verst eru settir fái þá lágmarksframfærslu sem allir virðast sammála um. Umræða um hvort leið sé að ná inn hækkun persónuafsláttar og um krónutöluhækkun lífeyris. Rætt um hvernig unnt væri að þrýsta á stjórnvöld og þá hugmynd að halda borgarafund um málið, ásamt fleirum. Líka um undirskriftasöfnun á Facebook. Niðurstaðan var sú að reyna til þrautar að ná niðurstöðu í nefndinni. Einnig rætt um að taka stöðuna aftur í næstu viku.

2. Uppstillingarnefnd

Það er ljóst að tveir ganga úr stjórn FEB á næsta aðalfundi. Þær Birna Bjarnadóttir og Esther Ú. Friðþjófsdóttir. Rætt um fólk í uppstillingarnefnd, þau Gunnar Björnsson, Matthildi Guðmundsdóttir, Snæ Karlsson og Bryndísi Hagan Torfadóttur.

3. Aðalfundur í febrúar

Stefnt er að halda aðalfund félagsins fimmtudaginn 11. febrúar 2016 í Stangarhyl.

4. Fundur með Velferðarsviði Reykjavíkurborgar 12. nóv. s.l.

Á þeim fundi var nánast sagt að FEB mætti taka yfir félagsmiðstöðvar eldri borgara í Reykjavík. Korpúlfar hafa frítt húsnæði hjá borginni og starfsmann. Svipað fyrirkomulag er í Kópavogi og Rætt hefur verið um að FEB yrði í Árskógum og framkvæmdastjórinn þar er búinn að biðja fulltrúa FEB að koma þar til fundar. Rætt um hvort aðstaðan hentaði og hvernig ætti að koma starfinu sem verið hefur í Stangarhyl, fyrir í Árskógum. Líka um að selja húsnæðið í Stangarhyl.

5. Fjármálin staðan

Framkvæmdastjóri dreifði yfirlit yfir stöðu félagsins, inneign á reikningum og ógreiddar kröfur.

Félagsmenn í dag eru 9715. Staðan er viðunandi þannig að staðið verður rmarkmið um að reka félagið ekki í mínus eða á yfirdrætti eins og stundum hefur þurft að gera síðustu og fyrstu mánuði ársins.

Innheimta 1000 kr gjalds sem samþykkt var á aðalfundi vegna afborgunar af Stangarhyl gekk vel 7087 greiddu þannig að nú hefur verið greitt 6.000.000 inn á lánið. Kostanður vegna útsendingar nam kr 1.5 mkr. 70 manns eru komnir á biðlista eftir væntanlegum íbúðum í Mjódd. Rætt um að ráða félagsmálameskju í hálf starf hjá FEB.

6. Laganefnd

Rök fyrir því að endurskoða þurfi lög félagsins m.a. eftir reynslu fyrir síðasta aðalfundar. Samþykkt að setja á lagginnar laganefnd undir stjórn Gunnars Eydal sem samþykkt hefur. Unnið er að fá fleiri í nefndina.

7. Starfið framundan

Góð þátttaka var á ökunámskeiðinu fyrir eldri ökumenn sem hófst í síðustu viku. Fólk er farið að skrá sig á næsta námskeið í febrúar. Hér þurfa menn að endurnýja öskuskírteinið sjötugir, en Danir hafa hækkað mörkin upp í 75 ár.

Nefnd Ellerts um Hreyfingu - hvað þar er í boði og hvar er komin í gang í Ráðhúsinu og í gangi er örnámskeið í Njálu og leikhúsfærð í Borgarleikhúsið, Ljóðaklúbbur er í gangi, Qigong, Zumba Gold, Skákin sjaldan verið fjölmennari, fjölmenni á Söngvöku og drjúg þátttaka í dansi. Helst þarf að athuga með fækkun síðustu vikur á dansinum á sunnudagskvöldum.

Mikil og almenn ánægja var með Sviðaveisluna í lok október. Full mæting, nægur og góður matur frá Múlakaffi og frábær veislustjóri.

Aðventuhátíð verður 3. desember kl. 15.30.

8. Önnur mál

- Aldursvæn borg - vinnufundur í Ráðhúsinu miðvikudag 25. nóvember.

Næsti fundur stjórnarinnar verður boðaður sérstaklega.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.00.